

8. Starfsmenning - samstarf aðstoðarfólks

Í þessum kafla er farið frá því að líta inn á við, og skoða færni, viðhorf og persónueiginleika aðstoðarfólks, yfir í að líta á starfsmannahópinn og hvernig hann vinnur saman.

Í rannsókninni kom fram að það hvernig aðstoðarfólk vinnur saman getur haft áhrif á hvernig hver og einn vinnur í tengslum við nám notanda. Starfsmenning aðstoðarfólks getur haft áhrif á hvernig til tekst að aðstoða notanda við að nýta sér nám í daglegu lífi. Það er mikilvægt að aðstoðarfólk hafi sameiginlega sýn á hvert markmiðið með náminu sé og hvernig það nýtist notanda best í daglegu lífi. Starfsmannahópurinn getur þróað sameiginlega sýn með því að allir í hópnum taki þátt í reglulegum, opnum og djúpum umræðum, t.d. á starfsmanna- eða teymisfundum.

Það er líka mikilvægt að aðstoðarfólk sé sammála um hvaða vinnubrögð eru notuð í tengslum við námið sem og í öðrum aðstæðum í daglegu lífi. Starfsmannahópurinn getur þróað sameiginleg vinnubrögð meðal annars með því að eiga góðar fyrirmyndir sem vinna með aðstoðarfólki í aðstæðunum. Þetta tengist umræðunni um fyrirmyndir í kafla 7 hér á undan.

Síðast en ekki síst er það mikilvægt að aðstoðarfólk hafi tækifæri til að tala saman og miðla upplýsingum sín á milli sem snúa að námi notanda. Það getur verið erfitt þegar margir starfsmenn eru að skiptast á vöktum en með því að endurskoða vaktaskipulagið væri mögulega hægt að tryggja þennan mikilvæga tíma og þetta næði sem þarf til að aðstoðarfólk geti talað saman.

Starfsmenningin í starfsmannahópnum getur skipt sköpum fyrir hversu vel aðstoðarfólki tekst að sinna hlutverki sínu í námi sem og öðrum aðstæðum í lífi notenda.

Verkefni: Ræðið saman í starfsmannahópnum. Leggið áherslu á opna umræðu til þess að fá fram öllum sjónarmiðum. Reynið að komast að sameiginlegri niðurstöðu og skrifið hana jafnvel niður til að eiga fyrir upprifjun seinna meir.

- Hver er ykkar sýn á hluti eins og nám notanda og yfirlýsing þess á daglegt líf, sjálfræði notanda og hlutverk aðstoðarfólks? Hvað eruð þið sammála um og hvað eruð þið ósammála um?
- Hver eru ykkar vinnubrögð þegar kemur að því að aðstoða notanda í námi, við að fara með sjálfræði sitt, við að nýta sér nám í daglegu lífi?
- Hvernig getið þið tryggt að þið þróið sameiginlega sýn og sameiginleg vinnubrögð?